

Pálmholt: Sindri Kristjánsson, Kristín Helga Jónasdóttir, Thelma Björk Sævarsdóttir

Drífa Þórarinsdóttir, skólastjóri.

Lundarsel: vantar nöfnin á foreldra.

Björg Sigurvinsdóttir skólastjóri, Helga María Þórarinsdóttir, aðstoðarskólastjóri.

1. Kynning á fulltrúum foreldraráðsins.
2. Björg fór yfir nokkra þætti í sameiningarferlinu.
  - a. Staða aðstoðarskólastjóra mun hækka í 50% þann 1 apríl 2021.
  - b. Verið er að skoða stöðugildi í eldhúsi fyrir skólana. Hugmynd er að eldað verði í neðra Pálmholti og matur fluttur í Lundarsel. Eldhúsið í neðra Pálmholti er mjög vel búið og eldhúsið í Lundarseli er mjög lítið. Ekki hefur verið tekin loka ákvörðun.
  - c. Staða sérkennslustjóra hækkar í 65% úr 50%. Foreldraráðinu fannst þessi úthlutun mjög lítil og sköpuðust umræður um hvernig þessum málum væri háttað. Foreldraráðið var upplýst um að ekki væri úthlutað hærri staða en 65% í sérkennslustjóra en svo væri mismunandi hvernig úthlutun væri hvert ár. Einnig voru þau upplýst um að dregið er úr sérkennslu yfir sumartímann. Áheyrnarfulltrúi foreldra á fræðsluráðsfundum sagði að umræða hefði verið um sérkennslumál á síðasta fundi og þar hefði aukning verið til umræðu. Niðurstaðan varð að foreldraráð hugleiðir að senda erindi til fræðsluráðs og hvetja til aukningar á þjónustu við sérkennslu börn og í stöðu sérkennslustjóra.
  - d. Fyrirspurn kom um starfsmannamál í neðra Pálmholti. Foreldraráð var upplýst um að allir kennarar og starfsmenn utan eins kennara og aðstoðarmatráðs ætla að flytjast úr Pálmholti og yfir í Klappir. Á næstu dögum verður auglýst eftir deildarstjórum, leikskólakennurum og starfsfólki í Lundarsel/neðra Pálmholt. Einhverjir kennarar/starfsfólk ætla að flytjast úr Lundarseli í neðra Pálmholt. Fyrirspurn kom hvort það væri vegna heilsufars fólks í Lundarseli en það er ekki raunin. Fyrirspurn kom hvort áhyggjur væru af heilsufari fólks í Lundarseli og svaraði Björg að það hefðu verið áhyggjur af húsnæði í Lundarseli en búið er að gera sveppapróf og var niðurstaðan neikvæð. Verið er að skoða loftgæði í Lundarseli og skoða loftræstimalin. Engin gögn eru til eða visa til þess að starfsfólk eða börn hafa verið veik vegna húsnæðisins en einhver hræðsla kom upp þegar myglan kom upp í Lundarskóla.
3. Flutningur milli húsnæða verður að lokinni sumarlokun. Hugmynd er að nýjir deildarstjórar byrji strax að lokinni sumarlokun en það verður tekin ákvörðun síðar um dagsetningar og ráðningar.
4. Börn í árgangi 2015 sem fara í skóla í haust: það verða 5 börn eftir á Furuholti í neðra Pálmholti og sjö í Lundarseli eftir sumarlokun og fram að skólabyrjun.
5. Óskað hefur verið eftir að fá að hafa bæði Ólátagarð (undirbúningsaðstöðu starfsfólks/skrifstofa sérkennslustjóra) og sjónarhól (skrifstofubygging) til afnota þegar sameiningin verður og er það í skoðun.
6. Fyrsta aðlögun í Lundarseli verða 23. ágúst – seinni aðlögun verður 13. september. Ný börn í neðra Pálmholti byrja 13. september.
7. Staða í barnafjölda skólaárið 2021-2022:
  - a. Lundarsel:
    - i. 27 börn fædd 2016 í Lunda

- ii. 20 börn á Kisudeild fædd 2017-2018,
  - iii. 19 börn á Bangsadeild fædd 2017 og 2018.
  - iv. 17 börn á Kríudeild fædd 2019 og 2020.
  - v. Samtals 83 börn í Lundarseli.
- b. Neðra Pálmholt:
- i. 20 börn á Furuholti fædd 2016,
  - ii. 22 börn á Birkholti fædd 2017 og 2018
  - iii. 16-19 börn á Greniholti verða 16 börn fædd 2019-2020.
  - iv. Samtals 58-61 börn í neðra Pálmholti.

Fjöldi barna í báðum húsum verður um 141-144 börn.

- 8. Í elsta árgangi eru 10 börn á kennara sem er mikið að mati Bjargar en hún sagði að það væri verið að skoða það hjá félaginu okkar að það veði fækkað í hópum elstu barna.
- 9. Nafnið á neðra húsi er í mótun en vinnuheitið er Flúðasel. Ekki hefur verið ákveðið hvernig skuli staðið að nafnavali á húsið.
- 10. Umræður um framtíðina í leikskólamállum á Akureyri.
- 11. Skóladagatal fyrir árið 2021-2022 kynnt. Áætluð er námsferð fyrir starfsfólk Lundarsels og neðra Pálmholts í byrjun júní, ferð sem átti að fara skólaárið 2020-2021.
  - a. Athugasemd frá foreldri: 14. mars þá eru foreldraviðtöl í Lundarskóla og lokað í Lundarseli. Eftir umræður var ákveðið að halda þessum degi inni.
  - b. Skóladagatalið var samþykkt einróma.
- 12. Drífa svaraði nokkrum spurningum varðandi Klappir.

Fundi slitið 17:20

Ritari Drífa Þórarinsdóttir